

**Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna um starfshóp um innleiðingu á stefnu um frístundaþjónustu í Reykjavík:**

Lagt er til að sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs verði falið að skipa starfshóp um frekari innleiðingu á stefnu um frístundaþjónustu í Reykjavík, sem var samþykkt 3. október 2017. Starfshópur sem skipaður var í kjölfar samþykktar stefnunnar skilaði af sér innleiðingaráætlun til ársloka 2019 með óskum um að skipaður væri annar starfshópur til að vinna að innleiðingaráætlun til ársins 2025. Í frístundastefnunni er mikil áhersla lögð á að virkja börn og unglinga til þátttöku í skipulögðu frístundastarfi og er skóla- og frístundasvið með starfsemi fyrir aldurshópinn sem sækir þjónustu til frístundaheimila, félagsmiðstöðva og frístundamiðstöðva. Mikilvægt er að fylgja frístundastefnunni varðandi þann aldurshóp og koma með tillögur um innleiðingu hennar til 2025 varðandi starfsþætti sem snúa að skóla- og frístundastarfi skóla- og frístundasviðs. Einnig er lagt til að starfshópurinn leggi mat á árangur þeirra innleiðingar sem þegar hefur farið fram er varða verkefni frístundastarfs skóla- og frístundasviðs.